

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu reglna um úthlutun úr húsafríðunarsjóði.**

Með vísan til 1. mgr. 18. gr. laga nr. 104/2001, um húsafríðun, staðfestast hér með reglur um úthlutun úr húsafríðunarsjóði og birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 702/2011 um staðfestingu reglna um úthlutun úr húsafríðunarsjóði, dags. 28. júní 2011.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 25. febrúar 2013.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

---

*Jón Vilberg Guðjónsson.*

#### **Fylgiskjal.**

#### **Reglur um úthlutun úr húsafríðunarsjóði.**

1. gr.

##### *Hlutverk húsafríðunarsjóðs.*

Um húsafríðunarsjóð gilda ákvæði X. kafla, 43. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012 ásamt c. og d. lið 9. gr. sömu laga. Hlutverk húsafríðunarsjóðs er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

2. gr.

##### *Styrkveitingar úr húsafríðunarsjóði.*

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr húsafríðunarsjóði að fenginni umsögn húsafríðunarnefndar. sbr. d. lið 9. gr. laga nr. 80/2012. Sækja skal um styrk á þar til gerðum eyðublöðum. Sé umsókn um styrk úr húsafríðunarsjóði ekki skilmerkilega útfyllt verður viðkomandi umsókn ekki tekin til greina.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildi hennar fyrir varðveislu byggingarárleiðdarinnar.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, fellur styrkur niður. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til greiðslu styrks til 1. júní á næsta ári á eftir úthlutun, enda hafi borist formleg beiðni þess efnis frá styrkþega til Minjastofnunar Íslands fyrir lok úthlutunarárs.

Úthlutun styrkja skal að öðru jöfnu ákveðin fyrir 15. mars ár hvert.

3. gr.

##### *Auglýsing um styrki húsafríðunarsjóðs.*

Minjastofnun Íslands skal auglýsa eigi síðar en 15. október ár hvert eftir umsóknum til húsafríðunarsjóðs vegna styrkja næsta árs í dagblöðum, Lögbirtingablaði, Sveitarstjórnarmálum og á heima síðu sinni. Ennfremur auglýsir stofnunin eftir umsóknum í landshlutablöðum og ljósvakamiðlum eftir því sem þörf þykir.

Minjastofnun Íslands getur ákveðið í samráði við húsafríðunarnefnd hverju sinni í auglýsingu hvort sjóðurinn leggi áherslu á ákveðna þætti minjavendar í úthlutun ársins.

## 4. gr.

*Almennt um umsóknir.*

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir. Séu umsóknir ekki skilmerkilega útfylltar eða í samræmi við kröfur getur Minjastofnun Íslands vísað þeim frá. Umsóknir skulu berast Minjastofnun Íslands eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Sé fyrirhugað að framkvæma verk sem sótt er um styrk til á mörgum árum skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við verkið í heild sinni og kostnaði við það. Heimilt er að sækja um styrki fyrir aðra áfanga við næstu styrkveitingu. Minjastofnun Íslands er með styrkveitingu ekki skuldbundin til að veita styrki til seinni áfanga verksins.

Minjastofnun Íslands er heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir áður en til úthlutunar kemur.

## 5. gr.

*Greiðslur styrkja.*

Minjastofnun Íslands gerir samning um greiðslu styrks úr húsafríðunarsjóði sé styrkupphæð 1,5 m.kr. eða hærri þar sem kveðið er á um greiðslufyrirkomulag styrksins. Fyrir lægri upphæð er gefið út styrkbréf með upplýsingum um greiðslu styrks og skilyrði fyrir lokagreiðslu.

Skilyrði fyrir lokagreiðslu styrks er að styrkþegi hafi skilað lokaskýrslu eða áfangaskýrslu sem Minjastofnun Íslands hefur samþykkt.

## 6. gr.

*Eftirlit Minjastofnunar Íslands.*

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkir hafi verið notaðir til þess sem getið var í umsóknum. Styrkþegum er skyld að kynna fulltrúa stofnunarinna stöðu verksins sé þess óskað og afhenda henni eintak af uppdráttum og áætlunum stofnuninni að kostnaðarlausu.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar og í samræmi við innsend gögn. Stofnunin eða fulltrúi hennar skal eiga greiðan aðgang að vinnustað meðan á framkvæmdum stendur.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn þegar í stað.

Samþykkt á fundi húsafríðunarnefndar 24. janúar 2013.

Staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra 25. febrúar 2013.